

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn á skrifstofu Blönduósbæjar, mánudaginn 2. september 2019, og hófst kl: 18:00-

Mættir: Hjálmar Björn Guðmundsson, formaður (Blb.), Sverrir Þór Sverrisson (Hvhr.), Magnús Valur Ómarsson (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri A-Hún., og Valdimar O Hermannsson, sveitarstjóri Blb., sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerð:

Hjálmar Björn, formaður, setti fund, kl 18:00, og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin, samþykkt og undirrituð, en hún hafði verið send fundarmönnum í tölvupósti.

2. Ársreikningur 2018

Ársreikningur Brunavarna A-Hún., fyrir árið 2018, sem unnin hefur verið af KPMG, lá fyrir fundinum, og helstu niðurstöður hans voru kynntar f. stjórn. Þar kemur fram m.a. að rekstrartekjur ársins 2018 voru kr. 22.145.150- og rekstrargjöld kr: 22.542.802- og því rekstrartap brunavarna kr:(-397.652). Þá kom fram í skýringum að vanáætlað hafði verið fyrir eðlilegum afskriftum og einnig Vaxtagjöld og verðbætur, m.a. af láni til fjárfestinga við kaup á bíl. Rekstrarhalli/tap ársins 2018 var því samtals (-1.338.517) sem kemur til lækkunar á „Eigið fé“ samkvæmt skýringu nr 6., í ársreikningi fyrir 2018. *Eftir yfirferð ársreiknings 2018 var hann undirritaður og staðfestur af stjórn.*

3. Viðauki við fjárhagsáætlun 2019

Fyrir fundinum lá viðaukaáætlun, unnin af aðalbókara Blönduósbæjar, við fjárhagsáætlun 2019, en viðaukinn hafði verið sendur til stjórnarmanna, fyrir fundinn. Ljóst hafði verið að gera þyrfti viðauka við fjárhagsáætlun 2019, eftir breytingar á lögum um slökkvilið, og ráðningu slökkviliðsstjóra í fullt starf, fyrr á árinu. *Farið var yfir 3 helstu ástæður fyrir þörf á viðauka nú.* Viðaukaáætlun gerir ráð fyrir auknum framlögum frá sveitarfélögunum að upphæð kr. 11.800.000- eða hækkun frá 27,8 milljónum í 39,6 milljónir. Aukin framlög munu skiptast á sveitarfélögin eins og önnur framlög, eða u.þ.b. 32% kemur í hlut Húnavatnshrepps og 68% í hlut Blönduósbæjar. *Stjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2019, fyrir sitt leyti, með eðlilegum fyrirvara um samþykki beggja sveitarstjórna.*

4. Staða mála og verkefni framundan.

Ingvar Sigurðsson slökkviliðsstjóri A-Hún., fór yfir minnisblað um stöður helstu mála hjá Brunavörnum A-Hún., en minnisblaðið verður sent á stjórn.

- Farið var m.a. yfir ástand á tankbíl slökkviliðsins, sem er tæplega 40 ára, og fyrirliggjandi viðhaldspörf. Einnig rætt um áætlum um endurnýjum. IS falið að kanna kostnað við endurnýjun, innanlands og utan, fyrir stjórn.
- Rætt um stöðuna á núverandi slökkvistöð, en þar er uppsafnað mikið viðhald, m.a. vegna leka, óþéttingar og almennt um ástand stöðvarinnar.
- Þá var rætt um boðaðar úttektir Mannvirkjastofnunar, og mörg fleiri mál.

5. Önnur mál:

- Rætt var almennt um möguleika á þróun starfsins, á næstu mánuðum og árum, mögulegar leiðir til þess að auka tekjur slökkviliðsins og einnig að auka samstarf á á þessu sviði á öllu Norðurlandi vestra.

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

- Þá var lögð áhersla á formlegar heimsóknir slökkviliðsins, eins fljótt og við verður komið, til skólanna í Húnavetnshreppi og á Blönduósi.

Fleira ekki gert, og fundi slitið kl 19:20-

Hjálmar Björn Guðmundsson (sign), Sverrir Þór Sverrisson (sign),

Magnús Valur Ómarsson (sign), Ingvar Sigurðsson (sign),

Valdimar O Hermannsson (sign)